



Ríkisreikningur 2019 – staðan ekki eins sterk og verið hefur

Góðu tímarnir liðnir

Fjárslá ríkisins birti nýlega ríkisreikning fyrir árið 2019 og er hann í þriðja sinn í samræmi við ný lög um opinber fjármál sem byggja meðal annars á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila.

Niðurstaða ríkisreiknings var að rekstrarafkoman var jákvæð um 42 ma.kr. til samanburðar við 84 ma.kr. afgang árið 2018. Tekjur námu samtals 830 ma.kr. og rekstrargjöld 809 ma.kr. Þar með er ekki öll sagan sögð. Afkoma ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi er ekki alveg sambanburðarhæf við tölur í fjármálaáætlun og fjárlögum. Til að fá réttan samanburð þarf að aðlaga niðurstöðu ríkisreiknings að þeim hagskýrslustaðli sem notaður er í fjárlögum og fjármálaáætlun.

Á þeim grunni var heildarafkoma ríkissjóðs neikvæð um 39 ma.kr. í fyrra sem er um 24 ma.kr. lakari niðurstaða en endurskoðuð áætlun ársins gerði ráð fyrir. Fjárlög ársins 2019 gerðu hins vegar ráð fyrir að heildarafkoma yrði jákvæð um 29 ma.kr. Þarna hefur því orðið til neikvæður munur upp á tæpa 70 ma.kr. miðað við fjárlög.


Það má greinilega sjá á ríkisreikningi ársins 2019 að tekið var að þyngra á í hagkerfinu. Árin tvö á undan var lokaniðurstaða ríkisreiknings í góðu samræmi við samþykkt fjárlög, en í fyrra var róðurinn greinilega orðinn þyngrri. Erfitt er að gera samskonar samanburð fyrir árin á undan þar sem stöðugleikaframlög og álíka óreglulegir þættir höfðu mikil áhrif á lokauppgjör ríkissjóðs.

Skuldir aukast milli ára

Heildarskuldir ríkissjóðs eins og þær birtast í efnahagsreikningi voru um síðustu áramót um 1.920 ma.kr., og höfðu hækkað um tæpa 20% milli ára að nafnvirði.


Langtímaskuldir hækkuðu um tæpa 22%, en stór þáttur í þeirri hækkun var færsla upp á tæpa 180

Tekjuafgangur í fjárlögum og ríkisreikningi




Heimild: Ríkisreikningur. Samanburður byggir á hagskýrslustaðli

Skuldir ríkissjóðs - nafnvirði



Heimild: Ríkisreikningur

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF



Heimild: Ríkisreikningur, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



ma.kr. vegna hlutdeildar ríkissjóðs í skuldum dótturfélaga með neikvæða eiginfjárlutdeild og kemur þessi færsla fyrst og fremst til vegna breytinga á Íbúðalánasjóði.

Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar voru 721 ma.kr. í lok árs 2019 og jukust um tæp 12% sem er meira en var árin tvö þar á undan. Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um rúm 20% milli árana 2015 og 2016 og um 17% árið þar á undan. Á árinu 2019 hafði ríkissjóður greitt um 270 ma.kr. upp í lífeyrisskuldbindingar.

Vegna mikils hagvaxtar á síðustu árum hafa skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu lækkað mun meira en nafnvirði þeirra.


Vaxtjöfnuður svipaður og var 2018

Vaxtagjöld ríkissjóðs drógust saman um u.þ.b. fimmtung milli 2018 og 2019, en vaxtatekjur drógust enn meira saman, eða um 72%. Vaxtjöfnuður var því neikvæður um tæpa 56 ma.kr. á árinu 2019 sem er álíka stærð og var 2018.

Breyttir tímar framundan


Eins og búast mátti við var ríkisreikningur 2018 sá síðasti í bráð sem sýndi styrka stöðu ríkissjóðs og verulega árlega útgjaldaaukningu í takt við mikla aukningu tekna. Dregið hefur verulega úr hagvexti og ríkissjóður hefur á þessu ári lent í einhverju mesta áfalli í manna minnum. Á fyrri hluta ársins samþykkti Alþingi tvönn fjárlög, samtals að upphæð um 79 ma.kr. og fyrirsjáanlegt er að niðurstaða ríkisreiknings á árinu 2020 verði neikvæður um einhver hundruð milljarða.

Ríkissjóður býr hins vegar að góðu gengi árána á undan og er því í tiltölulega góðri stöðu til þess að takast á við þau vandamál sem framundan eru.



Heimild: Ríkisreikningur, Hagstofa Íslands.

Vaxtatekjur og -gjöld ríkissjóðs



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.